

Breytingar á knattspyrnulögunum 2007

Árlegur fundur Alþjóðanefndar FIFA (IFAB) var haldinn í Manchester 3. mars 2007. Breytingar knattspyrnulaganna sem gerðar voru á fundinum fara hér á eftir, en þær taka gildi alþjóðlega 1. júlí 2007. Hér á landi taka breytingarnar gildi strax við upphaf Íslandsmótsins í knattspyrnu – að þessu sinni 12. maí 2007.

1. GREIN - LEIKVÖLLURINN

Ákvörðun 4

Núverandi texti

Engar auglýsingar af neinu tagi skulu vera á jörðu innan boðvangs eða innan eins metra frá hliðarlínunum utan við leikvöllinn. Ennfremur skulu engar auglýsingar leyfðar á svæðinu milli marklínu og markneta.

Nýr texti

Engar auglýsingar af neinu tagi skulu vera á jörðu innan boðvangs eða innan eins metra frá hliðarlínunum. Ennfremur skulu engar auglýsingar leyfðar á svæðinu milli marklínu og markneta.

Skýring:

Orðalagið “utan við leikvöllinn” er fellt niður.

4. GREIN - BÚNAÐUR LEIKMANNA

Lágmarks búnaður

Núverandi texti

Lágmarks skyldubúnaður leikmanns samanstendur af eftirfarandi aðskildum hlutum:

- peysa eða skyrta
- stuttbuxur - ef klæðst er hitabuxum innan undir skulu þær vera í sama meginlit og stuttbuxurnar
- sokkar
- legghlífur
- skór

Nýr texti

Lágmarks skyldubúnaður leikmanns samanstendur af eftirfarandi aðskildum hlutum:

- peysa eða skyrta - ef klæðst er flík innan undir skulu ermar hennar vera í sama meginlit og ermar peysunnar eða skyrtunnar
- stuttbuxur - ef klæðst er buxum innan undir skulu þær vera í sama meginlit og stuttbuxurnar
- sokkar
- legghlífur
- skór

Skýring:

Bætt er inn ákvæði um lit á ermum á flík sem klæðst er innan undir keppnispeysu.

Einnig er orðinu “hitabuxur” breytt í “buxur” í ákvæði um buxur sem klæðst er innan undir stuttbuxum.

4. GREIN - BÚNAÐUR LEIKMANNA

Ákvörðun 1

Núverandi texti

Leikmenn mega ekki láta nærskyrtur sjást, sem á eru slagorð eða auglýsingar. Leikmanni, sem fer úr eða lyftir skyrtu sinni til að láta slagorð eða auglýsingar sjást, verður refsað af mótshaldara.

Peysur verða að vera með ermum.

Nýr texti

Leikmenn mega ekki láta nærskyrtur sjást, sem á eru slagorð eða auglýsingar. Á skyldubúnaði leikmanns mega ekki vera neinar stjórnmálalegar, trúarlegar eða persónulegar yfirlýsingar.

Leikmanni, sem fer úr eða lyftir skyrtu sinni til að láta slagorð eða auglýsingar sjást, verður refsað af mótshaldara. Liði leikmanns, sem ber skyldubúnað með stjórnmálalegum, trúarlegum eða persónulegum slagorðum eða yfirlýsingum, verður refsað af mótshaldara eða FIFA.

Peysur verða að vera með ermum.

Skýring:

Bætt er inn skýrara ákvæði um óleyfilegar yfirlýsingar á búnaði leikmanna og að liði leikmanns sem brýtur gegn slíku ákvæði verði refsað.

FJÓRÐI DÓMARINN

Breyting á fyrsta atriði

Núverandi texti

Skipa má fjórða dómara samkvæmt mótareglum og hann starfar við leikinn, ef einhver hinna þriggja dómara getur ekki haldið áfram starfi sínu. Fjórði dómari aðstoðar dómara, hvenær sem þörf krefur.

Nýr texti

Skipa má fjórða dómara samkvæmt mótareglum og hann starfar við leikinn, ef einhver hinna þriggja dómara getur ekki haldið áfram starfi sínu, nema aðstoðardómari hafi verið tilnefndur til vara. Fjórði dómari aðstoðar dómara, hvenær sem þörf krefur.

Nýtt annað atriði

Nýr texti

Skipa má einnig aðstoðardómara til vara samkvæmt mótareglum. Hann hefur eingöngu það hlutverk að taka við af aðstoðardómara sem ekki getur haldið áfram starfi sínu eða taka við af fjórða dómara, ef þörf krefur.

Skýring:

Inn er sett heimild til að skipa aðstoðardómara til vara samkvæmt mótareglum.

Viðbótarleiðbeiningar fyrir dómara / Additional Instructions for referees

Viðbótarleiðbeiningar fyrir dómara (Additional Instructions for referees) er að finna aftan við knattspyrnulögin í hinni ensku útgáfu. Atriði sem þar koma fram er öll að finna í áhersluatriðum dómaranefndar KSÍ á undanförunum árum.

Þegar marki er fagnað / Celebration of a goal

Núverandi texti

A player must be cautioned when:

- in the opinion of the referee, he makes gestures which are provocative, derisory or inflammatory
- he climbs on to a perimeter fence to celebrate a goal being scored
- he removes his shirt over his head or covers his head with his shirt

Nýr texti

A player must be cautioned when:

- in the opinion of the referee, he makes gestures which are provocative, derisory or inflammatory
- he climbs on to a perimeter fence to celebrate a goal being scored
- he removes his shirt over his head or covers his head with his shirt
- he covers his head or face with a mask or other similiar item to celebrate a goal

Skýring:

Inn er sett ákvæði til viðbótar um að leikmaður skuli áminntur, ef hann hylur höfuð sitt eða andlit með grímu eða öðrum áþekktum hlut til að fagna marki.
